

Hljóðkerfi Rent a Party - Leiðbeiningar

1. Mixer

Hvað gera allir þessir takkar?

1. Input
2. Gain
3. Compressor
4. EQ
5. AUX/FX
6. Mute
7. Volume fader



8. Output

9. FX engine

Á mixerunum okkar eru þrjár mismunandi tegundir af rásum; **XLR/JACK**, **mono XLR** og **Stereo** rásir. Þú þekkir stereo rásirnar af því að þær eru merktar með tveimur tölum, svo sem 5%. Þessar rásir eru bestar til að tengja tölvur, síma eða DJ græjur. XLR/JACK eru best nýttar í að tengja hljóðfæri, s.s. rafmagnsgítara, og mono XLR eru best nýttar í að tengja hljóðnema.

Í langflestum tilfellum þarf bara að nota **input**, **output**, **gain**, **mute** og **volume faderana**. Hér að neðan eru þó útskýringar á öllum tökkunum á mixerunum ef ske kynni að það þurfi að nota þá.

Ef þú ert með hljóðfæraleikara í veislunni þinni, t.a.m. rafmagnsgítar og söng væri upplagt að tengja gítarinn beint í XLR/JACK rás og hljóðnemann beint í Mono XLR rás.

1. Input

Input er þar sem þú tengir hluti við mixerinn, hvort sem það eru hljóðnemar, hljóðkerfi eða síman þinn. Sumar rásir virka fyrir XLR tengi, sumar fyrir Jack tengi og sumar fyrir bæði. Á mixerunum okkar eru einnig stereo rásir sem gott er að tengja stereo Jack snúru í fyrir síma eða DJ borð. Þú þekkir þær rásir af því þær eru merktar með tveimur tölum, t.d. 5%.

2. Gain

Gain er notað til að hækka merkið frá hljóðfæri eða hljóðnema þegar það kemur inn á rásina. Gain skal eingöngu notað ef merkið inn á rásina er of lágt, þ.e. ef hljóðið er ekki nógu hátt. Nota skal Gain og Volume faderinn neðst á rásinni saman til að ná réttum hljóðstyrk, ef annað hvort er hækkað um of kemur suð og leiðindi inn á rásina. **Ekki skal nota Gain á rásum sem eru tengdar við tölvur, síma eða DJ borð.**

3. Compressor

Compressor er notaður til að jafna hljóðið á rásinni, þ.e. Hækka lægstu hljóðin og hækka efstu hljóðin. Yfirleitt er óþarfi að nota compressor nema það séu miklar sveiflur á hljóðstyrk inni á rásinni.

4. EQ

EQ eru þrjú takkar á mixernum sem eru notaðir til að stilla af hvernig hljóðið kemur út af rásinni, t.d. Með því að hækka bassann í tónlist. EQ hefur ekki mikil áhrif á hljóðstyrk rásarinnar en hefur mikil áhrif á hvernig tónlistin hljómar út úr kerfinu. Yfirleitt óþarfi að vera mikið að nota það, en það er allt í lagi í hófi.

5. AUX/FX

AUX/FX eru notuð til að senda effekta sem eru valdir úr FX vélinni (9) inn á rásir. Almennt þarf ekki að nota þetta nema kannski til að senda reverb á söngvara, en yfirleitt þarf ekki.

6. PAN

Pan er notað til að ákveða hvort rásin heyrir í báðum hátölurum eða bara öðrum megin. Langoftast þarf ekki að snerta þessa takka og þeir skulu skildir eftir í miðjunni.

7. Mute

Mute drepur á öllu hljóði sem er að koma af rásinni sem er mute-uð.

8. Volume fader

Volume faderarnir eru notaðir til að stjórna hljóðstyrk sem fer út af rásinni. Á mixerunum okkar eru nokkrir volume faderar, einn á hverri rás sem stjórnar eingöngu þeirri rás. FX fader sem stjórnar hversu háir effektar eru ef þeir eru í notkun, SUB 1-2 faderinn stjórnar hversu hátt heyrir í bassakeilunum og MAIN stýrir hljóðstyrk á öllu. **MJÖG MIKILVÆGT er að fara sparlega með SUB og MAIN faderana vegna þess að of mikill hljóðstyrkur getur farið illa með eða skemmt hátalarana, og því skal ekki setja allt í botn strax heldur hreyfa þessa fadera hægt og rólega og sjá hversu hátt hljóðið þarf að vera.**

9. Output

Einu outputtin sem þarf að nota í lang flestum tilvikum eru þau sem eru merkt MAIN OUTS. Það eru tvö XLR tengi, left og right, sem skulu tengd í bassaboxin.

10. FX engine

FX engine er notað til að senda effekta inn á rásir, svo sem reverb, bergmál eða annað. Þetta er almennt bara notað á söng eða hljóðfæri.